

VAXTARSKERÐING

Fósturvöxtur hjá einbura er metinn með SF mælingum (mæling frá lífbeini að efsta hluta legs) og klínísku mati. Þannig er stærð fósturs og legvatnsmagn metið miðað við vikulengd meðgöngu. Mælingarnar eru færðar inn á legvaxtarrit. Oftast fylgir fóstur sinni kúrfu á ritinu.

Eftirfarandi gefur tilefni til nákvæmara mats á fósturvesti með ómskoðun:

- SF mæling liggur óeðlilega lágt á riti, lækkar eða er óbreytt í tvígang (með minnst viku millibili)
- Þreifing vekur grun um lítið legvatn.

Ef eftirfarandi áhættuþættir eru til staðar þarf að gera áætlun um vaxtarmat með ómun:

- Saga um léttburafæðingu
- Saga um IUFD (fósturdauði eftir 22v)
- Sjúkdómur móður (m.a. háþrýstingur, meðgöngueitrun, undirliggjandi sykursýki, ýmsir sjálfsónæmissjúkdómar, hjarta- nýrnasjúkdómar, ofstarfsemi skjaldkirtils)
- Naflastrengs- eða fylgjumissmið (t.d. tvær æðar í streng)
- Reykingar
- Fíkniefnaneysla
- Vannæring
- Aldur móður > 40 ára
- Litningafrávik eða sköpulagsgallar hjá fósturi
- Ýmsar sjaldgæfar sýkingar (CMV, toxoplasmosis, VZV, sýphilis, rubella, malaria, HSV)

Eðlileg stærðarviðmið í ómskoðun á fósturi fyrir meðgöngulengd á hverjum tíma eru mælingar sem falla á bilinu 10.-90. centile. Þau fóstur sem eru undir 10. centile geta verið eðlileg eða of lítil og þau sem eru yfir 90. centile geta verið eðlileg eða of stór. Ef miðað er við þessi stærðarmörk eru þau sem falla undir 10. centile skoðuð nánar.

U.þ.b. 10-15 % af fósturum á hverjum tíma mælast undir 10 centile og vekja grun um mögulega vaxtarskerðingu. Fjórðungur til helmingur fóstura sem falla undir þessi mörk eru eðlileg smágerð fóstur

(SGA) en ekki vaxtarskert (IUGR). SGA fóstur eru oftast á bilinu 5-10 centile og fylgja sinni kúrfu og hafa eðlilegt magn legvatns og eðlilega flæðismælingu.

Ef fóstur er metið undir 10 centilum eða legvatnsmagn er minnkað (oligohydramnion) þá er gerð flæðismæling og fósturgreiningardeild ákveður með frekari ómskoðanir. (flæðismælingu og vöxt).

Ef flæðismælingin er óeðlileg flyst konan í áhættumæðravernd.

Þó fóstur sé yfir 10 centilum getur verið ástæða til að fylgja vexti frekar eftir með endurtekinni ómun, t.d. ef legvatn er minnkað, óeðlilegt flæði í naflastreng, eða ef hægir óeðlilega á vexti milli sónar skoðana, þ.e. fóstrið heldur ekki sinni kúrfu, eða ef fóstrið samsvarar sér ekki þ.e. kollur er tiltölulega stærri en búkur. Við byrjandi fylgjuþurrð er hlutfallslega aukið blóðflæði til heila, kransæða og nýrnahetta en minnkar til annarra líffæra. Af þessu hlýst svokallað "brain sparing", þ.e. kollur vex en búkur ekki og minnkað flæði til nýrna getur leitt til minna legvatns.

Fósturvöxtur hjá tvíburum er metinn með ómskoðunum skv. vinnuleiðbeiningum um tvíburameðgöngu.

MÆÐRAVERND ÞÍH, ENDURSKOÐAÐ JANÚAR 2020